

---

**2002 nr. 9 18. febrúar**

**Lög um áhugamannahnefaleika**

Tóku gildi 20. febrúar 2002.

■ **1. gr.** Heimil er keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna áhugamannahnefaleika.

■ **2. gr.** Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.

■ **3. gr.** Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um áhugamannahnefaleika. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýrtruðu öryggisreglum í nágrannalöndum.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDDRI ÚTGÁFA